

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	LIM203	
	Listir og Menning á líðandi stundu	
	Kennsluáætlun Vor2014	

Kennari	Arna Valsdóttir	AVA	avals@simnet.is
----------------	-----------------	------------	-----------------

Viðtalstími kennara: Þriðjudagur 11:25 – 12:10

Áfangalýsing:

Nemandinn kynnir sér menningarumhverfi samtíma síns. Farið verður í skilgreiningar á algengum hugtökum í menningarumræðu samtímans og ólík viðhorf sem birtast í þeirri umræðu kynnt. Námið byggist á virkri þátttöku nemandans og frumkvæði þar sem hann kynnist því sem er að gerast í menningarlífinu og metur það út frá eigin forsendum og fjallar um í hópi samnemenda. **Hlutverk kennarans er að aðstoða nemendur við undirbúning og úrvinnslu athugana sinna** með því að tengja þær við hugmyndafræði og menningarsögu.

Markmið: Að nemamandinn...

- skoði og skilgreini listir og menningu líðandi stundar
- geti kynnt athuganir sínar og niðurstöður á skilmerkilegan og fjölbreytilegan hátt
- geti tekið virkan þátt í umræðu um listir og menningu
- geti lagt mat á eigin upplifanir og borið saman við ólík viðhorf
- þjálfist í þeirri skilningi og notkun hugtaka sem tengjast lista- og menningargeiranum

Í lok annar á nemandinn að..

- ❖ geta greint, borið saman, og gagnrýnt hönnun, listviðburði, lífsstíl eða fjölmiðla í samtímanum
- ❖ geta fjallað um stöðu listar og hönnunar út frá menningar- og sögulegu samhengi
- ❖ geta fjallað um ólík listform í samhengi við hefðir, tækifæri, boðsskap, nýjar stefnur og lífsstíl
- ❖ geta rætt fagurfræðileg og táknfræðileg álitamál og áttað sig á möguleikum manna til að tjá sig í list og hönnun
- ❖ geta rætt álitamál þar að lútandi

Námslýsing: Kennarinn fjallar um efnið með fyrirlestrum, vettvangsferðum, umræðum og verkefnavinnu. Nemendur fá verkefni sem þeir vinna sem einstaklingar og/eða í hópum. Gestafyrirlesarar fjalla um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum. Verkefnavinnan, gestafyrirlestrarnir og ýmislegt það sem vekur athygli kennara og nemenda og tengist viðfangsefnum áfangans verður til umræðu í tímum og leitast verður við að skapa rökræður um viðfangsefnin.

Innkaup: Úrklippubók og leikhúsmiði.

Úrklippubók

Nemandinn býr til úrklippubók (myndmál/ritmál/úrklippur) þar sem hann safnar saman ýmsu menningartengdu efni úr fjölmiðlum sem vekur áhuga hans og skrifar um það athugasemdir eða setur fram á annan þann hátt sem hann kys. Í úrklippubókina vinnur hann einnig

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2	LIM203 Listir og Menning á líðandi stundu Kennsluáætlun Vor2014	

Klippimyndir (Collage) um ákveðin viðfangsefni. Hver nemandi hannar sína bók á persónulegan hátt og má hún vera í rafrænu formi eða öðru sem hentar.

Námsmat

Próflaus áfangi. Metin er þáttaka nemanda, virkni, vinnuframlag og frumkvæði.

Mikið er lagt upp úr opinni og rannsakandi hugsun og umræðu og því nauðsynlegt að við sýnum hvert öðru virðingu og vinnum gegn hverskyns fordómum.

Athugið að 100% mætingarskylda er í áfangann.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Fræðilegt/Verklegt	Verkefni/ gestafyrirlestrar	30%
Úrklippubók	Tímaverkefni Úrklippur /eigin pælingar Heildarhönnun	20% 20% 10%
Frammistaða á önn	Mæting Virkni Frumleiki	5% 5% 5%
Viðburðir	Þátttaka í atburðum utan skólatíma (nemendur fá frí frá kennslu á móti)	5%

...hvernig lítur hann eiginlega út þessi nútími...

...er hann eitthvað öðruvísi en aðrir nútímar...



Með fyrirvara um breytingar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils